

21. MARS
2024

HARPA
ELDBORG

Mozart og Bruckner

RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

Konsert 34'

Sinfónía 63'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.

Mozart og Bruckner

PÁSKATÓNLEIKAR Í ELDBORG 21. MARS KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Javier Perianes
einleikari

Wolfgang Amadeus Mozart

Píanókonsert nr. 20, K.466 (1785)

Allegro

Romanze

Rondo, Allegro assai

Hlé

Anton Bruckner

Sinfónía nr. 9 (1887-96)

Feierlich, misterioso

Scherzo. Bewegt, lebhaft; -Trio. Schnell

Adagio. Langsam, feierlich

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen hefur verið aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2020 og er fyrsta konan sem gegnir þeirri stöðu. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara og þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 sneri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Filharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Hún þreytti frumraun sína á PROMS – tónlistarhátíð Breska útvarpsins í ágúst 2022, þar sem hún stjórnaði meðal annars frumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA, og stuttu síðar kom hún í fyrsta sinn fram með Filharmóníusveit Los Angeles á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusar-akademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til að stjórna hljómsveitinni.



Javier Perianes

EINLEIKARI

Spánverjinn Javier Perianes er í hópi fremstu píanóleikara samtímans og hefur hann um árabíl verið eftirsóttur einleikari í mörgum af helstu tónlistarhúsum bæði austan hafs og vestan. Hefur hann meðal annars leikið einleik með Gewandhaushljómsveitinni í Leipzig, sínfóníuhljómsveitunum í Chicago og San Francisco, Þjóðarhljómsveitinni í Washington, Yomiuri Nippon hljómsveitinni í Tokyo, Dönsku þjóðarhljómsveitinni, fílharmóníuhljómsveitunum í Vínarborg, Oslo, London, New York og Los Angeles. Meðal hljómsveitarstjóra sem Perianes hefur unnið með eru Daniel Barenboim, Charles Dutoit, Zubin Mehta, Gustavo Dudamel og Klaus Mäkelä.

Á yfirstandandi tónleikaári frumflytur Javier Perianes *Ephemerae* eftir perúska tónskáldið Jimmy López Bellido með Filadelfíuhljómsveitinni í Bandaríkjunum og Sínfóníuhljómsveitinni í Montréal í Kanada auk þess sem hann frumflytur á heimsvísu nýjan píanókonsert lands síns Franciscos Coll með Fílharmóníuhljómsveitinni í Lundúnum og frumflytur hann síðan í Kanada með Sínfóníuhljómsveitinni í Toronto. Þá kemur hann víða við í Evrópu meðal annars sem bæði einleikari og stjórnandi með Orchestre de Chambre de Paris, Orquesta Ciudad de Granada, Franz Liszt-kammersveitinni og Orquesta Sinfonica del Principado de Asturias.

Javier Perianes hljóðritar fyrir hljómplötuútgáfuna harmonía mundi og hefur hann sent frá sér plötur með verkum eftir Beethoven, Mendelssohn, Schubert, Grieg, Chopin, Debussy, Ravel og Bartók en einnig Blasco de Nebra, Frederic Mompou, Manuel de Falla, Enrique Granados og Joaquín Turina. Nýlega gaf hann út diskinn *Jeux de Miroirs* sem inniheldur *Konsert í G-dúr* eftir Ravel og auk þess *Le tombeau de Couperin* og *Alborada del gracioso*, einnig eftir Ravel, í útfærslu fyrir píanó og hljómsveit með Orchestre de Paris undir stjórn Joseps Pons.



Wolfgang Amadeus Mozart

PÍANÓKONSERT NR. 20, K.466 (1785)

Af 27 píanókonsertum Mozarts (1756-1791) er í raun 21 upphaflega skrifaður fyrir eitt píanó og hljómsveit. Hinir sex eru annað hvort seinni tíma umritanir á æskuverkum hans eða skrifaðir fyrir tvö eða þrjú píanó. Af öllum þessum konsertum eru aðeins tveir í moll, sá sem hljómar hér í kvöld og er í d-moll og sá síðari í a-moll (KV 491) sem Mozart samdi stuttu síðar (1786-86). Í d-moll konsertinum notar Mozart, auk tréblásara og horna, tvo trompeta og pákur sem ljær verkinu alvarleika og tilfinningalega dýpt þessarar tóntegundar sem hann notaði í fordæmingaratriðinu í lok óperunnar Don Giovanni og síðar í Sálumessunni.

Konsertinn var frumfluttur 25. febrúar 1785 á áskriftar-tónleikum tónskáldsins og sat hann sjálfur við hljóðfærið og stjórnaði flutningnum. Leopold faðir hans sem var viðstaddur tónleikana sagði síðar í bréfi til dóttur sinnar Nannerl (Önnu Maríu), að vegna anna við að leiðbeina nótnaskrifurum við útskrift hljómsveitartanna, hefði bróður hennar ekki unnist tími til að spila síðasta þáttinn í gegn á undan flutningnum sem samt hefði gengið vonum frammar. Hljóðfæraleikararnir hefðu undirbúningslaust spilað dável og tónleikarnir verið tónlistar- og fjárhagslega afar vel lukkaðir.

Tíu árum síðar og fjórum árum eftir dauða Mozarts, lék Beethoven konsertinn á milli þátta óperunnar *Mildi Títusar* á fjáröflunartónleikum sem Constanza ekkja Mozarts skipulagði. Samdi Beethoven tvær kadensur við konsertinn sem enn í dag hljóma oftast en flestar aðrar. Fleiri nafntogaðir píanóleikarar sömdu kadensur við konsertinn, meðal annarra Johannes Brahms, Johann Nepomuk Hummel og Ferruccio Busoni en í gegnum tíðina hafa margir píanistar stuðst við sínar eigin hugsmíðar.

Tónlistin á Íslandi

D-moll píanókonsert Mozarts hefur í gegnum árin oftast en flestir aðrir skreytt efnisskrár Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sem einleikari reið Gísli Magnússon á vaðið á tónleikum í Þjóðleikhúsinu 1960 og af öðrum Íslendingum var Ketill Ingólfsson næstur í röðinni 1966 og þá Vladimir Ashkenazy sem flutti og stjórnaði um leið að tónleikum á Borg í Grímsnesi og í Háskólabíói árið 1973. Júlíana Rún Indriðadóttir lék konsertinn svo sem hluta af lokaprófi sínu frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1995. Af öðrum sólistum má nefna Wilhelm Kempff (1971), Jörg Demus (1979) og Christinu Ortiz (1979). Fyrstur til að flytja konsertinn hér á landi var Emil Thoroddsen sem lék hann í Gamla bíói í maí 1928 ásamt Hljómsveit Reykjavíkur undir stjórn Páls Ísólfssonar.



Anton Bruckner

SINFÓNÍA NR. 9 (1887–96)

Anton Bruckner (1824–1896) tilheyrir hópi merkra Vínar-tónskálda sem fæddust utan borgarinnar en fluttu þangað og störfuðu til æviloka. Bruckner fæddist í Ansfelden sem er lítill bær og liggur 14 kílómetra fyrir sunnan Linz sem er höfuðborg Efra-Austurríkis (Oberösterreich) og var hann elstur 11 systkina. Faðirinn var skólustjóri þorpsskólans þar sem tónlist var skyldufag og varð Bruckner barnungur heillaður af orgelinu. Lék hann frá tíu ára aldri sem aðstoðarorganisti í þorpskirkjunni. Eftir lát föðurins gerðist hinn 13 ára gamli Bruckner kórdrengur í nálægu Ágústínar-klaustrinu St. Florian þar sem hann fékk tilsögn í tónlist. Samkvæmt fjölskylduhefð miðaðist almennt nám hans við framtíðarstarf sem skólakennari. Á árunum 1845–1855 bjó hann í klaustrinu, sinnti kennaranáminu en fullkomnaði á sama tíma færni sína í orgelleik og gerðist organisti klausturkirkjunnar. Á þessum árum samdi hann fjölda mótetta og fyrstu meiriháttar verk sín, Requiem og Missa Solemnis. Árið 1854 lá leið Bruckners í fyrsta sinn til Vínarborgar í því skyni að gangast undir próf í orgelleik hjá hirðhljómsveitarstjóranum Ignaz Assmayer, og stóðst hann það með þrýði. Árið eftir hóf hann nám í generalbassa og kontrapunkti hjá Simoni Sechter sem áður hafði veitt Franz Schubert tilsögn. Árið 1855 vann Bruckner keppni um stöðu dómorganista í Linz og gegndi hann henni næstu þrjú árin meðfram náminu hjá Sechter og fór það að mestu leyti fram í bréfaformi. Lauk Bruckner prófi með láði árið 1861 þar sem einn dómnefndarmannanna, Johann von Herbeck, mælti hin fleygu orð: „Hann hefði frekar átt að prófa okkur“.

Eftir frekara nám í tónsmíðum fékk Bruckner prófessorsstöðu í hljómfraeði við konservatóríið í Vín. Flutti hann til borgarinnar haustið 1868 þá 44 ára gamall, ekki einungis sprenglærður heldur einnig með fyrstu símfóníu sína í farteskinu.

Lauk Bruckner við þá næstu haustið 1872 og hóf síðan strax vinnu við þriðju hljómkviðuna. Þetta voru frjósöm ár í

tónsköpun hans og á tímabilinu frá október 1871 fram í maí 1876 skrifaði hann aðra, þriðju, fjórðu og fimmtu sífóníu sína, að því er virðist, án hlés. Sú þriðja var einkar fljót í smíðum og voru fyrstu þrjár kaflarnir tilbúnir í júlí 1873 og uppkast af þeim fjórða í lok ágúst. Um haustið fór Bruckner á fund Richards Wagner í Bayreuth í því skyni að tileinka honum aðra af tveimur nýjustu sífóníum sínum. Hafandi skoðað raddskrárnar féllst Wagner á að þigga tileinkunina og valdi þriðju sífóníuna. Með 6. sífóníunni hægði nokkuð á sköpunarferlinu en smíði hennar tók rétt tæplega fjögur ár.

Sífóníur Bruckners áttu lengi erfitt uppdráttar og var honum og Brahms gjarnan att saman sem keppinautum. Skiptust aðdáendur þeirra í tvo hópa og var ýmislegt misjafnt látið flakka á báða bóga. En tímamót urðu á ferli Bruckners þegar 7. sífónían var leikin í Leipzig á minningartónleikum um Wagner árið 1884 en með henni öðlaðist hann alþjóðlega viðurkenningu. Hún er einnig sú eina sem ekki er í tóntegund sem Beethoven, hans stóra fyrirmynd, notaði í sínum sífóníum og sú síðasta í dúr-tóntegund. Á miðri leið ákvað Bruckner að útvíkka hljóðmyndina með svokölluðum Wagnertúbum sem hann þekkti frá frumflutningi á Niflungahringi Wagners sem lét sérsníða þær fyrir sig. Um er að ræða tvær tenór- og tvær bassatúbur auk kontrabassatúbu. Þessi hljóðfæri notaði tónskáldið svo áfram í síðustu sífóníunum tveimur og eru hlýr og þéttur hljómur þeirra einkennandi fyrir síðustu þrjár sífóníur Bruckners.

Níunda sífónían var lengi í smíðum. Fyrstu drögin litu dagsins ljós sumarið 1887 en viku fljótt til hliðar fyrir yfirgripsmiklum umritunum tónskáldsins á fyrri sífóníum (1., 3., 4. og 8.). Það var ekki fyrr en vorið 1891 að Bruckner hélt vinnu að þessu síðasta verki sínu áfram og lauk hann við 3. kaflann, Adagio, 30. nóvember 1894. Hann byrjaði vissulega á lokakaflanum en þurfti frá að hverfa vegna veikinda. Eftir lát Bruckners gerði nemandi hans, Ferdinand Löwe afgerandi breytingar á verkinu og stjórnaði frumflutningi sífóníunnar í þeirri gerð vorið 1903. Gaf hann verkið út á prenti án athugasemda og var lengi álitíð að um upphaflegu gerð Bruckners væri að ræða. Árið 1931 benti tónlistarfræðingurinn Robert Haas á mismuninn á gerð Löwes og upphaflegri gerð Bruckners og var 9. sífónía Bruckners í sinni sönnu mynd loks loks frumflutt í München 2. apríl 1932. Hljómar sú gerð hér í kvöld í meðförum Sífóníuhljómsveitar Íslands.

Sigurður Ingvi Snorrason

Tónlistin á Íslandi

Níunda sífónía Antons Bruckner hljómar nú í fjórða sinn á tónleikum Sífóníuhljómsveitar Íslands. Gríski hljómsveitarstjórinn Karolos Trikolidis stjórnaði fyrsta flutningnum í Háskólabíói í desember 1985 og var Te Deum Bruckners þá einnig á efnisskránni. Næst flutti hljómsveitin sífóníuna í nóvember 2002 og hélt pólsk-bandaríski stjórnandinn Stanisław Skrowaczewski þá um tónsprotann. Síðast heyrðist verkið hér í Eldborg í september 2012 og stóð þáverandi aðalstjórnandi Sífóníunnar Ilan Volkov á stjórnendapallinum.

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiöla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Geirprúður Ása
Guðjónsdóttir Skelton
Joanna Bauer
Pétur Björnsson
Laufey Jensdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir

2. fiöla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Justyna Bidler
Ingrid Karlsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Kristján Matthíasson
Þórdís Stross
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólóf Þorvarðsdóttir
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir

Kathryn Harrison
Steina Kristín Ingólfsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Þórarinn Már Baldursson

Selló

Steiney Sigurðardóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Júlía Mogensen
Guðný Jónasdóttir
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Urh Mrak

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Jacek Karwan
Richard Korn

Flauta

Anja Malkov
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Clara Manaud
Guðrún Erlendsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Julian Schack
Raimund Zell
Maximilian Riefellner
Frank Lars Hammarin

Horn / Wagnertúbur

Asbjørn Ibsen Bruun
Joseph Ognibene
Constantin Glaner
Emil Friðfinnsson

Trompet

Joris de Rijbel
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Þákur

Soraya Nayyar

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfisdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfisdóttir
sviðs- og tæknimaður


ENDURFUNDIR, NÝ ÍSLENSK TÓNLIST FYRIR STRENGI

21.06.2024 Hamrar, Ísafirði 20.00

CAUDA COLLECTIVE LEIKUR TRÍÓ
OG KVARTETTA EFTIR ERRATA-HÓPINN

@VIDDJUPIÐ

VIDDJUPIÐ.IS



TÓNLISTARHÁTIÐ, SUMARNÁMSKEIÐ, 17.–22.06.2024,

VIÐ DJÚPIÐ ÍSAFJÖRÐUR [66°4' N]
[23°6' V]



Tónlistarhátið
Ísafjarðir



Tónlistarfélag
Ísafjarðar



MENNINGARSTOFA
ÍSAFJARÐAR



ÍSAFJARÐARBÆR



Listahátíð
í Reykjavík



Hótel Ísafjörður



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Barbara Hannigan og Mannsröddin

5. APRÍL

Barbara Hannigan snýr aftur í Eldborg og mun flytja margrómaða konsertuppfærslu sína á *Mannsröddinni*, óperueinleik Francis Poulenc. Ljóðræna og leikgleði Hannigan fær að njóta sín í söng jafnt sem hljómsveitarstjórn og verður tjáningu hennar varpað upp á tjald svo úr verður einstakt sjónarspil. Auk *Mannsraddarinnar* stjórnar Barbara Hannigan hinna tónaljóði Richards Strauss, *Metamorphosen*.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS